



Byggðastofnun

Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar 2008 og 2009

Efling atvinnuþróunar og nýsköpunar

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita alls 100 milljónum króna árið 2008 til eflingar atvinnuþróunar og nýsköpunar á þeim svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti vegna skerðingar þorskaflaheimilda. Styrkhæf svæði eru sveitarfélög og eyjar þar sem hlutfall starfa í veiðum og vinnslu er 10% eða hærri. Áformað er að í fjárlögum ársins 2009 verði 100 milljónir sem verður ráðstafað á sama hátt.

Auglýst er eftir umsóknum um stuðning við verkefni á viðkomandi svæðum. Umsækjendur geta verið sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar. Hámarksstyrkur er 8 milljónir króna, þó aldrei hærri en 50% af viðurkenndum heildarkostnaði verkefnisins. Hámarks hlutfé er 8 milljónir króna, þó að hámarki 50% af heildarhlutfé.

Styrkir verða veittir til:

- Stofnkostnaðar annars en kaupa/byggingar húsnæðis, véla og tækja.
- Þróunarkostnaðar á vöru og/eða þjónustu
- Markaðssetningar á vöru og/eða þjónustu.

Við afgreiðslu umsókna verður sérstaklega litið til langtímaáhrifa verkefna, sköpunar nýrra starfa á svæðunum og hversu hratt störfin geta orðið til. Ekki er um að ræða styrki/hlutfé til menntunar- og rannsóknarverkefna.

Umsóknum skal skila á sérstökum umsóknareyðublöðum, sem hægt er að nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is) og SSNV-atvinnuþróunar (www.ssnv.is).

Umsóknum skal skila til atvinnuráðgjafa SSNV atvinnuþróunar á Blönduósi, Sauðárkróki eða Siglufirði fyrir 19. febrúar 2008. Atvinnuráðgjafar veita einnig nánari upplýsingar.

Símanúmer SSNV atvinnuþróunar eru;

Blönduós	455-4304
Sauðárkórkur	455-6043
Siglufjörður	464-9100



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA
ATVINNUÞRÓUN

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.